

Sp. 290. Tillaga til þingsályktunar [107. mál]

um réttarrannsókn á slysum, sem orðið hafa á íslenskum togurum.

Flm.: Steingrímur Aðalsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hið bráðasta fara fram réttarrannsókn á slysum þeim, sem orðið hafa á íslenskum togurum frá ársbyrjun 1948 og til þessa dags.

Með rannsókninni skal leiða í ljós:

1. Hversu mörg og hvers konar slys hafa orðið á togurunum nefnt tímabil.
2. Hverjar höfuðorsakir megi telja til slyssanna.

Á grundvelli þessarar rannsóknar og með hliðsjón af löggjöf annarra þjóða um þetta efni skal ríkisstjórnin undirbúa og leggja fyrir Alþingi, svo fljótt sem verða má, frumvarp til beytinga á sjómannaögunum, þar sem m. a. sé lögð rík ábyrgð á hendur útgerðum og yfirmönnum veiðiskipa, til þess að koma í veg fyrir, að of mikið kapp eða varúðarleysi valdi slysum á skipverjum eða liftjóni.

Greinargerð.

Það er að vonum orðið mönnum hið mesta áhyggjuefni, hversu mörg slys, meiri og minni, verða á togurum okkar, þegar þeir eru að veiðum. Allt of oft gerist það, að menn tekur út af togurunum og drukkna. Hitt er þó miklu tíðara — og miklu oftari en opinberlega er frá því greint —, að menn á togurunum slasast meira eða minna við vinnu sína, þó ekki dragi það til dauða.

Í þessu sambandi er sérstaklega athyglisvert, að með stærri og traustari skipum — sem að réttu lagi ættu að auka öryggi skipshafnanna — virðist þessum slysum fara fjölgandi. Bendir það ótvírætt í þá átt — sem einnig mun vera orðin almenn skoðun —, að á þessum nýju og vönduðu skipum sé veiðiskapurinn sóttur af því ofurkappi, sem ekki kunni góðri lukku að stýra, og megi rekja hin tíðu slys á togurunum m. a. til þessa.

Ég tel þetta mál svo alvarlegt, að full ástæða sé til þeirrar rannsóknar, sem þingsályktunartillagan felur í sér, svo að úr því verði skorið, hvort framangreind skoðun hefur við rök að styðjast, og — ef svo reynist — þá verði tafarlaust sett lagaákvæði, sem miði að því að draga úr slíku forsjarlausu kappi í sjósókninni og þar með minnka slyshættuna.